

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi og hverfisskipulagi í Reykjavíkurborg.

Leirtjörn Vestur - USK24060028.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 7. maí 2026, tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Leirtjörn Vestur. Deiliskipulagsafmörkun tekur til um 12 ha óbyggðs svæðis norður af núverandi byggð í Úlfarsárdal við rætur Úlfarsfells. Norðan og vestan við skipulagssvæði er gert ráð fyrir byggð í framtíðinni en austan megin er fyrir útivistarsvæði í hlíðum Úlfarsfells. Að sunnan afmarkast skipulagið af núverandi byggð annars vegar og Leirtjörn hins vegar. Deiliskipulagið verður áfangaskipt. Hluti fyrri áfanga eru þrjár lóðir á vestari hluta skipulagssvæðis ásamt aðliggjandi götum og grænum geisla, lóðir A, B1 og B2. Í 1. áfanga verða götur og borgarland sem liggur að lóðum A og B undirbúið með tilliti til ofanvatnslausna, gróðurs og veitna. Gert er ráð fyrir 75 íbúðum í áfanganum og að lóðum, götum og borgarlandi verði úthlutað til þeirra aðila sem fengið hafa lóðavilyrði. Áhersla er á blágrænar ofanvatnslausnir og nálægð við náttúruna. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Úlfarsárdalur - USK25050498.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 21. október 2025, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals. Í breytingunni felst að deiliskipulagsmörk við Leirtjörn eru aðlöguð að skipulagsmörkum nýs deiliskipulags fyrir Leirtjörn Vestur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vesturhöfn (Örfirisey) - Fiskislóð 2-8 - USK25120263.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 7. júlí 2026, breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðarinnar nr. 2-8 við Fiskislóð. Í breytingunni felst breyting á lögun byggingarreits þannig að rými skapist fyrir viðbyggingar á tveimur stöðum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breiðholt, hluti 6.3 - Austurberg/Hraunberg - USK25040246.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 17. mars 2026, breytingu á hverfisskipulagi Breiðholts, hluta 6.3 og skilmálaeining 6.3.27, vegna lóðar við Austurberg/Hraunberg. Uppbyggingarheimildir á lóðinni við Austurberg/Hraunberg voru skilgreindar í hverfisskipulagi Breiðholts sem unnið var í miklu samráði við íbúa. Nýjar tillögur að uppbyggingu á reitnum hafa nú verið felldar betur að nærumhverfinu með vönduðum arkitektúr. M.a. hefur verið létt verulega á byggingamagni lóðarinnar, grænt yfirbragð hennar skýrt og gæði íbúða útfærð nánar. Í tillögunni eru tveir íbúðakjarnar, einn með 4-6 íbúðum og

annar með 12-16 íbúðum með þjónustu-, verslunar- eða samfélagsrými, ásamt bílastæðum á jarðhæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. júlí 2026.

Brynjar Þór Jónasson.

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2026